Færri handbeita línuna í landi

● 5,3% af heildarafla fara í sérstaka potta ● Línuívilnun á undanhaldi ● Aukinn kostnaður í landi

FRÉTTASKÝRING
Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbl.is



Færri útgerðir hafa nýtt sér línuívilnun á síðustu misserum en áður og ákvað sjávarútvegsráðherra í sumar að minnka það magn sem fer í línuívilnun á nýbyrjuðu fiskveiðiári. Við þá ákvörðun var tekið mið af nýtingu ívilnunar á fiskveiðiárinu sem lauk 31. ágúst.

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða eru 5,3% af heildarafla í hverri fisktegund dregin af leyfilegum heildarafla til að mæta áföllum, til stuðnings byggðarlögum, til línuívilnunar, til strandveiða, til rækju- og skelbóta, frístundaveiða og til annarra tímabundinna ráðstafana til að auka byggðafestu.

Nánast óbreytt í öðrum pottum

Litlar breytingar eru í ár í öðrum flokkum en línuívilnun. Á þessu fiskveiðiári er alls 25.456 þorskígildistonnum varið í fyrrnefnda potta, en til samanburðar var á fiskveiðiárinu 2017/2018 úthlutað alls 26.362 þorskígildistonnum í þessa potta. Í línuívilnun fara nú 3.855 þorskígildistonn, en fiskveiðiárið á undan var 4.568 tonnum ráðstafað í línuívilnun.

Í línuívilnun felst að dagróðrabátar á línuveiðum geta landað afla umfram aflamark sé línan beitt í landi, en Alþingi samþykkti að taka upp línuívilnun með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða í desember 2003. Ýmis skilyrði þarf að uppfylla til að geta nýtt þessa leið og sérstök reglugerð gildir um línuívilnun.

Samverkandi ástæður

Hafi línan verið handbeitt í landi má nú landa 20% umfram þann afla sem reiknast til kvóta sem með öðrum orðum þýðir að 100 tonna kvóti verður að 120 tonnum. 15% ívilnun fæst með því að taka línuna á stokkum í land, yfirfara þá og síðan er notuð trekt eða beitningavél til að beita um borð. Menn geta verið með tvöfaldan búnað; annan í yfirferð í landi, hinn um borð.

Nokkrar samverkandi ástæður eru sagðar fyrir því að þeim hefur fækkað sem róa með beitta línu. Ef tekið er dæmi af línubát með þrjá menn í áhöfn, 48 bala og 400 króka á bala má ætla að sex manns starfi í landi við beitningu. Atvinna í landi var ein af meginástæðunum fyrir því að kerfið var tekið upp, en misjafnlega hefur gengið að ráða fólk til að handbeita upp á gamla mátann. Greitt er fast verð fyrir balann, en það er löngu liðin tíð að beitningafólk sé upp á hlut.

Reikningsdæmi útgerðanna

Nú er staðan hins vegar þannig að kostnaður við beitningu í landi hefur aukist, en síðustu 3-4 ár hefur meðalverð fyrir fiskinn lækkað með styrkingu krónunnar. Það er síðan reikningsdæmi hvor kosturinn er betri; ívilnunin eða kostnaður við að setja beitningavél um borð, fjölga um einn í áhöfn og hætta vinnu í skúrnum í landi.

Við það að vélbeita um borð færast laun beitningafólks til sjómanna, en reglur um hlutaskipti sjómanna breytast með aukinni vinnu. Hærri laun um borð leiða til þess að auðveldara verður að fá mannskap.

Háðar staðsetningu

Verulegt óhagræði er í því að með landbeitningu eru útgerðir háðar því að hafa beitningu og bát á svipuðum slóðum. Dæmi eru um að bátar af Snæfellsnesi hafi sótt frá Bolungarvík eða Skagaströnd, en það hefur kallað á 6-900 kílómetra daglegan akstur fram og til baka með balana. „Þú flytur ekki beitningaaðstöðuna og fólkið svo glatt," sagði útgerðarmaður sem rætt var við.

Hann segir að verulega meiri afli fáist stærstan hluta ársins með vélbeitta línu. Fiskurinn sem veiðist með ferskari beitu sé líka betri og það skili sér í hærra verði á fiskmörkuðum. Ekki veiti af miðað við sterkt gengi krónunnar.


Á nokkurra ára tímabili hafði Bolungarvík verulegan ávinning af línuívilnun. Ekki aðeins fengust auknar heimildir í þorski, heldur einnig steinbít og ýsu svo dæmi séu tekin. Nú er handbeitning á línu á undanhaldi í Bolungarvík eins og sjá má á meðfylgjandi korti. Hins vegar sést einnig á kortinu að á Rifi hefur hlutur línuívilnunar aukist síðustu ár, en þar varð breyting á með nýju fiskveiðiári er tveir bátar af þremur hættu í þessu kerfi.

Línuívilnanir síðustu þrjú fiskveiðiár

10 stærstu heimahafnirnar 2015-16 til 2017-18 (kg úr sjó)

Heimahöfn	Línuívilnanir á þorskafla eftir fiskveiðiárum 2015-16	2016-17	2017-18	Allar fisktegundir samtals 2015-18
Bolungarvík	591.791	350.395	279.629	2.478.094
Rif	281.885	311.932	367.815	1.538.662
Suðureyri	208.985	181.558	159.295	1.179.856
Grindavík	243.767	169.589	113.037	706.170
Ólafsvík	175.822	136.604	125.149	656.538
Ólafsfjörður	163.546	136.132	96.396	568.778
Hellissandur	186.917	101.802	72.437	543.453
Hafnarfjörður	156.939	136.812	125.719	543.163
Þingeyri	71.643	70.216	88.753	464.535
Hólmavík	74.691	66.446	82.101	359.605

Samtals allar heimahafnir
Eftir fiskveiðiárum, allar fisktegundir (tonn)



VILJA TRYGGJA ÍVILNUN

Umhverfisvænar veiðar

Landssamband smábátaeigenda hefur lagt áherslu á mikilvægi línuívilnunar, enda séu línuveiðar umhverfisvænar og línuveiddur fiskur dagróðrabáta í hæsta gæðaflokki. Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, segir að þeir vilji að allur línuveiddur fiskur dagróðrabáta innan 30 brúttólesta njóti ívilnunar, hvort sem línan er beitt í landi eða á sjó.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Upp á gamla mátann Unnið við línubeitningu í Bolungarvík fyrir fjórum árum, en víða hefur minni áhersla verið lögð á landbeitningu undanfarið.

DUX

GÆÐI OG ÞÆGINDI
SÍÐAN 1926



DUX 6006 - SVÆÐISMEÐFERÐ
Í örfáum einföldum skrefum geturðu sett upp rúmið þitt til að mæta þörfum þínum.

DUXIANA®



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Flugsýn Brotist var m.a. inn í gagnaver á Ásbrú í Reykjanesbæ.

Sökum er neitað í gagnaversmálinu

● Stolið var 600 bitcoin-leitarvélum

Allir sem ákærðir eru í gagnaversmálinu svonefnda, þar sem stolið var 600 bitcoin-leitarvélum í lok síðasta árs og upphafi þessa, neita sök. Mál sem lögreglustjórinn á Suðurnesjum höfðaði þeim á hendur var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjaness í gær. Tveir hinna ákærðu komu fyrir dómara í gær og neituðu sök. Í gær var sömuleiðis aflétt farbanni yfir einum ákærða.

Hinir fimm ákærðu, þar á meðal Sindri Þór Stefánsson sem strauk til kröfu. Sindri er áfram í farbanni.

Alda Hrönn Jóhannsdóttir saksóknari lagði fram fyrir dóm í gær skjöl í fimm liðum. Þar á meðal var sakavottorð eins ákærða og skýrsla um símanotkun ákærðu.

Ákæra í málinu varðar innbrot í fjögur gagnaver, á Ásbrú í Reykjanesbæ og í Borgarnesi, þrjár nætur í desember og janúar og tilraunir til tveggja innbrota í viðbót. Sagt er að yfir 2.000 tölvuhlutum hafi verið stolið í innbrotunum.